



Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. nóvember 2019

Efni: frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði matvæla (einföldun regluverks, Matvælasjóður og EES-reglur), 318. mál.

Tilv. 201911-0020

Bændasamtök Íslands fengu sent til umsagnar með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði matvæla (einföldun regluverks, Matvælasjóður og EES-reglur), 318. mál. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum í þeim tilgangi að einfalda regluverk sem gildir um matvælakeðjuna, m.a. með innleiðingu á reglugerð ESB 2017/625. Þá er lagt til að settur verði á fót Matvælasjóður í samræmi við þingsályktun nr. 40/149 um aðgerðaáætlun um matvælaöryggi og vernd búfjárstofna en um leið að lög um Framleiðnisjóð landbúnaðarins (hér eftir FL) falli úr gildi 31. desember 2020 og sjóðurinn jafnframt lagður niður frá sama tíma.

Bændasamtökin hafa farið yfir efni frumvarpsins og gera eftirfarandi athugasemdir. Í umsögn þessari eru fyrst og fremst gerðar athugasemdir við ákvæði er snúa að því að Framleiðnisjóður landbúnaðarins verði lagður niður.

1. Matvælasjóður

Eins og áður segir er með frumvarpinu lagt til að settur verði á fót nýr sjóður, Matvælasjóður, sem ætlað er það hlutverk að styrkja aukna verðmætasköpun, framleiðslu, vinnslu og markaðssetningu matvæla úr landbúnaði og sjávarútvegi. Bændasamtökin benda á að endurskoðun á rammasamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins og framlög sem ekki falla undir samninga um starfsskilyrði garðyrkju, nautgriparæktar og sauðfjárræktar á árunum 2017-2026, hefur ekki farið fram og viðræður um hana eru ekki hafnar. Í 13. gr. samningsins er lýtur að framlögum til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins segir að samningsaðilar muni beita sér fyrir endurskoðun gildandi laga um sjóðinn. Samhliða verði mótaðar áherslur verkefna sjóðsins á samningstímanum. Þá segir í 20. gr. að endurskoðun rammasamningsins skuli fara fram tvisvar á samningstímanum, þ.e. árin 2019 og 2023. Í gildandi rammasamningi er bókun um að endurskoða ætti lög um FL. Stofnaður var starfshópur sem hafði það hlutverk, en hann kom aldrei saman og var að lokum leystur upp án þess að hafa starfað nokkuð.

Afstaða Bændasamtakanna er sú að halda eigi FL óbreyttum í núverandi mynd. Framlög til FL eru bundin í rammasamningi og áherslur fyrir starf sjóðsins eru markaðar á hverju samningstímabili. Fjárframlög og áherslur sjóðsins eru þ.a.l. hluti af samningi bænda við hið opinbera. Sjóðurinn gegnir afar mikilvægu hlutverki fyrir landbúnaðinn í heild og dreifbýli m.a. vegna stuðnings við rannsóknar- og þróunarverkefni, nýsköpunar og eflingar atvinnu á bújörðum, fræðslutengdra verkefna auk mikilvægs hlutverks sem vörsluaðili fjármuna vegna þróunarverkefna í sauðfjárrækt, nautgriparækt og garðyrkju og vörslu fjármuna Markaðssjóðs sauðfjárafurða. Þessi verkefni snerta ekki matvælaframleiðslu með beinum hætti en skipta gríðarlegu máli fyrir starfsumhverfi bænda.



Að auki skal bent á að starfsemi sjóðsins fer fram á landsbyggðinni. Innan sjóðsins er fólk sem hefur mikla reynslu og þekkingu af landbúnaði og er jafnframt búsett í dreifbýli. Sjóðurinn er gegnir því viðamiklu hlutverki fyrir landbúnaðinn bæði hvað varðar þróunar- og rannsóknarstarf, búsetustuðning og uppbyggingu atvinnutækifæra í sveitum landsins. Starf FL og hins fyrirhugaða Matvælasjóðs eru ekki sambærileg og núverandi verkefni FL falla ekki með beinum hætti innan hins nýja sjóðs. Bændasamtökin telja forsendur til að leggja sjóðinn niður því ekki vera fyrir hendi.


2. Samráð

Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu segir að gert sé ráð fyrir því að sjóðurinn setji sér stefnu til nokkurs árafjölda í senn og að þegar sé hafinn undirbúningur að stefnumótun fyrir hinn nýja sjóð í samráði við Bændasamtökin og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi. Sú vinna muni nýjast þeirri stjórn sem skipuð verður fyrir sjóðinn, verði frumvarpið að lögum. Bændasamtökin sóttu þrjá fundi um málið þegar það var á undirbúningsstigi. Það var áður en fyrirbyggjandi frumvarp kom fram og endanlega varð ljóst að það yrði lagt fram án þess að endurskoðun rannsóknar hefði farið fram. Sú staðreynd er meginástæða þess að Bændasamtökin leggjast gegn þeim hluta frumvarpsins sem snýr að stofnun sjóðsins. Samtökin munu því ekki eiga frekari aðkomu að undirbúningi stefnumótunar fyrir hinn nýja matvælasjóð.

3. Kostnaður við eftirlit

Í umfjöllun í athugasemdir í greinargerð við frumvarpið um mat á áhrifum er fjallað um kostnaðaráhrif. Þar segir að fjárhagsáhrif á ríkissjóð verði engin en ekki er fjallað um möguleg fjárhagsáhrif á þá sem eru undir eftirliti skv. ákvæðum frumvarpsins. Bændasamtökin telja eðlilegt að slík áhrif verði metin, þ.e. að fram komi hvort búast megi við að bændur og matvælaframleiðendur eigi von á því að kostnaður við eftirlit o.fl. hækki, verði frumvarpið að lögum. Með hliðsjón af markmiðum frumvarpsins um einföldun regluverks til hagsbóta fyrir atvinnulíf og almenning væri eðlilegt að stefnt væri að því að slíkur kostnaður myndi lækka eða stæði í það minnsta óbreyttur.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands


Guðrún Vaka Steingrímsdóttir

18. nóvember 2019

Umsögn frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins

EFNI:

Þingmál 318: Breyting á ýmsum lögum á sviði matvæla (einföldun regluverks, Matvælasjóður og EES-reglur)


Í stjórnarfrumvarpi nr. 361 er lagt til að inn í Lög um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum, komi nýr kafli þar sem kveðið er á um stofnun nýs Matvælasjóðs. Í greinargerð kemur fram að í tengslum við stofnun nýs Matvælasjóðs verði Framleiðnisjóður landbúnaðarins og AVS-rannsóknarsjóður um aukið verðmæti sjávarfangs lagðir niður og að fjárveitingar ríkisins til þessara sjóða renni frá og með árinu 2021 til nýs Matvælasjóðs.

Stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins vill vekja athygli á því að í texta frumvarpsins sem varðar nýjan Matvælasjóðs (c. (27. gr. g.)) er starfssvið hins nýja sjóðs ekki ítarlega skilgreind. Það er mat stjórnar að ekki geti talist nægjanlegt að skilgreina viðfangsefni sjóðsins eingöngu í stefnumótun á seinni stigum þar sem í því felst veruleg óvissa um hvers lags verkefni og efnissvið muni eiga heima innan hins nýja sjóðs til framtíðar.

Í þessu samhengi er vert að benda á að landbúnaður er fleira en matvælaframleiðsla og að í gegnum tíðina hefur Framleiðnisjóður stutt við afar fjölbreytt viðfangsefni frumvinnslugreinarinnar landbúnaðar. Mörg þessara viðfangsefna lúta ekki beint að matvælaframleiðsu og telur stjórn Framleiðnisjóðs því hættu á að ef af umræddri sameiningu verður muni fjölmörg verkefni verða munaðarlaus, ef svo má að orði komast. Sem dæmi hefur Framleiðnisjóður stutt ötullega við verkefni á vegum vísindastofnana á sviði jarðræktar, kynbóta búfjár og gróðurs, skógræktar og landgræðslu. Einnig má nefna námsstyrki til mastersnemenda á sviði landbúnaðarvísinda. Nemar, sem hafa notið þessara styrkja, stunda nám á fjölbreyttum sviðum, ekki eingöngu á sviði matvælaframleiðslu. Jafnframt má nefna styrkveitingar Framleiðnisjóðs til framþróunar ýmissar stoðþjónustu landbúnaðar svo sem ráðgjafþjónustu og þróun sérhæfðs hugbúnaðar.

Nauðsynlegt er að það komi fram að Framleiðnisjóður hefur um árabíl haft mikilvægu hlutverki að gegna í byggðalegu samhengi, sér í lagi í tengslum við styrkveitingar til nýsköpunarverkefna á vegum bænda (sjá mynd 1). Ljóst er að mjög mörg störf hafa orðið til í sveitum landsins fyrir tilstuðlan þessara styrkja. Nefna má uppbyggingu ferðþjónustu, ýmis konar heimavinnslu afurða, smáíðnað og mörg fleiri svið.

Komi til þess að Framleiðnisjóður verði lagður niður þarf að huga að því hvernig verði hlúð að þeim verkefnaflokkum sem ekki tengjast beint nýsköpun og þróun á matvælasviði, en þurfa sannarlega á stuðningi að halda.



Mynd 1: Dreifing styrkveitinga Framleiðnisjóðs landbúnaðarins til nýsköpunar og þróunar á bújörðum 2003-2019. Myndin sýnir í hnotskurn hversu öflugu hlutverki þessi styrkjaflokkur hefur gegnt við eflingu atvinnulífs dreifbýlisins.

Um fjármuni til Framleiðnisjóðs er samið í rammisamningi Bændasamtaka Íslands og ríkisins. Núgildandi samningur gildir til loka árs 2025 og er Framleiðnisjóði ætlaðir fjármunir út samningstímabilið. Það er því ljóst að ríkið getur ekki einhliða tekið ákvörðun um að leggja niður sjóðinn, né heldur ákveðið að finna viðkomandi þróunarfjármunum nýjan farveg. Stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sér sig knúna til að benda á að ef leggja skuli af Framleiðnisjóð hljóti það að vera sameiginleg ákvörðun beggja samningsaðila að rammisamningi.

Virðingarfyllt,

F.h. stjórnar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins



6. nóvember 2019

Atvinnuveganefnd Alþingis
B.t. Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur formanns

EFNI:

Þingmál 318: Breyting á ýmsum lögum á sviði matvæla (einföldun regluverks, Matvælasjóður og EES-reglur)

AFRIT SENT TIL:

Kristjáns Þórs Júlíussonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
Guðrúnar Tryggvadóttur, formanns Bændasamtaka Íslands

Þann 4. nóvember síðastliðinn lagði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fram frumvarp á Alþingi um breytingu á ýmsum lögum á sviði matvæla (stjórnarfrumvarp nr. 361). Fyrsta umræða um frumvarpið hefur farið fram og hefur málinu verið vísað til Atvinnuveganefndar.

Í frumvarpinu er lagt til að inn í Lög um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum, komi nýr kafli þar sem kveðið er á um stofnun nýs Matvælasjóðs. Í greinagerð kemur fram að í tengslum við stofnun nýs Matvælasjóðs verði Framleiðnisjóður landbúnaðarins og AVS-rannsóknarsjóður um aukið verðmæti sjávarfangs lagðir niður og að fjárveitingar ríkisins til þessara sjóða renni frá og með árinu 2021 til nýs Matvælasjóðs.

Í andsvörum ráðherra¹ þann 4. nóvember lét hann eftirfarandi ummæli falla:

„Það kann vel að vera að það sé andstaða við þetta [stofnun nýs Matvælasjóðs] hjá bændum ... en ég átti mig ekki á hvaða drauga sumir hverjir eru að reyna að draga hér upp á vegg. Væntanlega þeir sem vilja þá sitja að sínu, sem þeir hafa fengið úr Framleiðnisjóði, en ég hvet alla sem ég á þessi orðaskipti við að kynna sér úthlutanir úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Þær eru ærið skrautlegar og ég hef grun um það að það sé ekki allt þar eins og menn ætluðu“.

Í tengslum við þessi ummæli sér Stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sig knúna til að koma eftirfarandi atriðum á framfæri:

- Framleiðnisjóður er sjálfstæð ríkisstofnun sem starfar eftir lögum nr. 89/1966². Landbúnaðarráðherra skipar sjóðnum 5 manna stjórn til fjögurra ára í senn. Stjórn Framleiðnisjóðs, úthlutar styrkjum úr sjóðnum. Stjórn sjóðsins telur að unnið hafi verið í einu og öllu eftir þeirri lagaumgjörð sem sjóðnum er sett. Vandað hafi verið til allrar umsýslu í starfi hans og viðhöfð fyllsta varkárni í rekstri. Umsóknir til sjóðsins eru á stöðluðu formi, þær eru metnar og þeim forgangsraðað á kerfisbundinn hátt.
- Á ári hverju gefur Framleiðnisjóður út vandaða ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir öllum styrkveitingum og starfi sjóðsins. Ársskýrslur síðastliðinna 16 ára eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins³. Uppgjör sjóðsins er unnið í samstarfi við Ríkisendurskoðun og hefur Ríkisendurskoðun endurskoðað reikninga sjóðsins án athugasemda.

¹ Framsógu og andsvör ráðherra má nálgast í heild sinni á vef Alþingis undir slóðinni:

<https://www.althingi.is/altext/upptokur/lidur/?lidur=lid20191104T171722>.

² Sjá <https://www.althingi.is/lagas/125b/1966089.html>.

³ Sjá <http://fl.is/arsskyrslur/>.

- Í ljósi þessa sem hér hefur verið rakið vekur það furðu að ráðherra láti ummæli þessi falla og telur stjórn að hér sé að ósekju vegið að fagmennsku stjórnenda sjóðsins. Fullyrðingar ráðherra eru ekki rökstuddar á neinn hátt og ekki til þess fallnar að gefa þingmönnum rétta mynd af starfi sjóðsins. Stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins vill því hvetja Atvinnuveganefnd Alþingis til að kynna sér starfshætti sjóðsins og láta ekki ummæli ráðherra ráða nokkru um afstöðu sína til þess þingmáls sem hér um ræðir.

Að endingu er vert að geta þess að það er mat stjórnar Framleiðnisjóðs að orð ráðherra verði vart túlkuð á annan hátt en svo að hann beri ekki traust til Framleiðnisjóðs sem stofnunar. Hér verður að hafa í huga að stjórn Framleiðnisjóðs er skipuð af Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Í ljósi þess að ráðherra hefur ekki komið á framfæri við sjóðstjórn umkvörtunum af neinu tagi, telur sjóðsstjórn að hér sé um trúnaðarbrest að ræða.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins





Alþingi

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. nóvember 2019

Tilvísun: 2019110117/50.12

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum á sviði matvæla (einföldun regluverks, Matvælasjóður og EES-reglur), þingskjal 361 – 318. mál

Eftirfarandi er umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum á sviði matvæla (einföldun regluverks, Matvælasjóður og EES-reglur), þingskjal 361 - 318. mál

Almennt um frumvarpið

Í heildina er afstaða HER til frumvarpsins jákvæð í því skyni að einfalda regluverk til hagsbóta fyrir almenning og atvinnulíf. Þó eru gerðar athugasemdir um nokkrar greinar frumvarpsins er varða breytingar á lögum nr. 93/1995 um matvæli.

HER bendir einnig á að í mati af áhrifum frumvarpsins er ekki fjallað um kostnaðarauka sem falla mun á sveitarfélögin m.a. vegna greinar 15.a þar sem opinberir eftirlitsaðilar eru skyldaðir til að framkvæma innri úttektir eða láta framkvæma úttektir á sjálfum sér og greinar 15.b en ljóst er að heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga munu þurfa að koma sér upp upplýsingakerfum sem geta skilað inn gögnum í nýtt upplýsingakerfi Matvælastofnunar með kostnaði sem ekki liggur fyrir.

Um einstakar greinar:

2. gr.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu fellst breytingin á 4. gr. laga um matvæli í því að verið er að breyta uppröðun á merkingum orða og hugtaka þannig að þeim sé raðað í stafrófsröð og einnig verið að bæta inn nokkrum nýjum hugtöku eða orðum.

Samkvæmt lið 3 í greininni er verið að bæta við hugtakinu á „Áhættuflokkur“ sem er skilgreind er sem greining á völdum þáttum sem hafa áhrif á áhættu í matvælafyrirtækjum en áhættuflokkur segir til um grunneftirlitsþörf matvælafyrirtækis. HER er sammála því að sett verði inn skilgreining á áhættuflokkun í matvælalögum en leggur ríka áherslu á að grunneftirlitsþörfin taki mið af tíðni eftirlits en ekki tímum í eftirliti. Ef grunneftirlitsþörfin verður ákvörðuð í tímum getur það verið beint inngríp í gjaldskrárgerð heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Þá bendir HER á að hugtakið matvælasnertiefni er tvítekið í liðum 17 og 19.

Í lið 23 er opinbert eftirlit skilgreint sem eftirlit á vegum stjórnvalda í þeim tilgangi að tryggja að framfylgt sé ákvæðum laga og reglna um matvæli og stuðla að fræðslu og upplýsingamiðlun.

HER leggur til að skilgreining hugtaksins opinbert eftirlit verði breytt og skilgreint sem „*opinbert matvælaeftirlit*“ á vegum stjórnvalda í þeim tilgangi að tryggja að framfylgt sé ákvæðum laga og reglna um matvæli og stuðla að fræðslu og upplýsingamiðlun.“ Þetta er nauðsynlegt að mati HER til að aðgreina eftirlit samkvæmt matvælalöggjöfinni frá ýmis konar öðru opinberu eftirliti í einni og sömu eftirlitsferðinni samkvæmt annari löggjöf. Sem dæmi má benda á að í einni og sömu eftirlitsferðinni getur heilbrigðisfulltrúi m.a. verið að framfylgja



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

og hafa eftirlit með matvælaöryggjöfni, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og löggjöf um tóbaksvarnir. Allt er þetta opinbert eftirlit.

Hugtakið „Opinberir eftirlitsaðilar“ vantar á listann. Í núgildandi lögum er skilgreiningin: „Opinberir eftirlitsaðilar eru Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga í samræmi við 6. og 22. gr.“ HER leggur áherslu á að þetta hugtak sé óbreytt frá núgildandi lögum í 4 gr.

6. gr.

Hér er lagt til að hætta að nota orðið matvælaeftirlit í nokkrum greinum laga um matvæli, og nota í staðinn *opinbert eftirlit*. HER leggur til að hætt verði við þessa breytingu. Eins og áður hefur komið fram þá telur HER þetta geta valdið misskilningi því opinbert eftirlit getur verið margskonar með einu og sama matvælafyrirtækinu, oft í sömu eftirlitsferð og því er nauðsynlegt að aðgreina eftirlit samkvæmt matvælaöryggjöfni frá öðru opinberu eftirliti með viðkomandi fyrirtæki. Til útskýringar þá getur heilbrigðisfulltrúi í einu og sama eftirliti m.a. verið að framfylgja og hafa eftirlit með matvælaöryggjöfni, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og löggjöf um tóbaksvarnir. Allt er þetta opinbert eftirlit. Því er nauðsynlegt að aðgreina eftirlit sem lög um matvæli fjalla um frá öðru opinberu eftirliti því leggur HER til að hætt verði við að breyta matvælaeftirlit í opinbert eftirlit í frumvarpinu

7. gr.

Við grein 17. í matvælaöryggjöfni er lögð til ný málsgrein. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er hér verið að leggja til breytingu á matvælaöryggjöfni svo að íslensk matvælafyrirtæki verði samkeppnisfærari á öðrum mörkuðum en Evrópumarkaðnum. Lagt er til að íslenskum fyrirtækjum verði heimilt að nota aukefni sem óheimilt er að nota í Evrópu við framleiðslu sína ef hún er ætluð til útflutnings til landa utan EES.

Í þessu sambandi bendir HER á að tilgangur matvælaöryggjöfni skv. 1 gr. er að tryggja, svo sem kostur er gæði, öryggi og hollustuhætti matvæla. Listi yfir aukefni sem telur upp þau aukefni og eftir atvikum það magn þeirra sem heimilt er að nota í mismunandi matvæli sem dreift er innan EES svæðisins er unninn af EFSA (European Food Safety Authority) Matvælaöryggisstofnun Evrópu með öryggi neytenda að leiðarljósi.

Ef þessi breyting verður gerð á matvælaöryggjöfni er verið að heimila íslenskum matvælafyrirtækjum að dreifa matvælum sem ekki teljast heilsusamleg og örugg í Evrópu til landa utan EES svæðisins.

Þá bendir HER á vandkvæði sem af þessu getur hlotist hvað varðar eftirlit með því að þessar vörur fari ekki á markað hér.

8. gr.

Hér er verið að gera breytingar á 22. gr. laga um matvæli.

Í a. lið 8. greinarinnar er vísað í gr. 27 í matvælaöryggjöfni sem ekki til lengur, einungis 27 a, b, c, og d. Líklega á þetta að vera gr. 20.

Í c. lið greinarinnar er m.a. kveðið á um að eftirlitsaðilar skuli flokka matvælafyrirtæki eftir frammistöðu samkvæmt niðurstöðum úr eftirliti og að ráðherra setji skilyrði í reglugerð nánari ákvæði um slíka flokkun. Ekki er skýrt til hverskonar eftirlits er verið að vísa til, en líklega er þó átt við matvælaeftirlit.

Að mati HER þjónar það almenningi og rekstaraðilum best að matvælafyrirtæki og önnur fyrirtæki séu flokkuð eftir niðurstöðum úr heilbrigðiseftirliti með viðkomandi fyrirtæki en ekki einungis eftir niðurstöðum úr matvælaeftirliti. Heilbrigðiseftirlit tekur m.a. til eftirlits með lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, eftirlits með tóbaksvarnarlögum auk eftirlits með lögum um matvæli.

Því leggur HER til að hætt verði við áform um frammistöðuflokkun á matvælafyrirtækjum skv. frumvarpinu og í staðinn verði settur á laggirnar vinnuhópur ráðuneyta, sem ofangreindir málaflokkar heyra undir, til að semja frumvarp um frammistöðuflokkun fyrirtækja samkvæmt niðurstöðum úr heilbrigðiseftirliti, umhverfiseftirliti Umhverfisstofnunar sem og matvælaeftirliti Matvælastofnunar þegar um er að ræða fyrirtæki sem fá matvælaeftirlit hjá stofnuninni. Slíkt



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

fyrirkomulag er í samræmi við kröfur um gagnsæi og gefur bæði neytendum og rekstraraðilum bestu upplýsingar um það hvernig stjórnendur fyrirtækja eru að standa sig, ekki bara hvað varðar matvælalöggjöfina heldur líka varðandi umhverfis- og almenn hollustumál.

9. gr.

HER leggur til að í setningunni: "Opinberum eftirlitsaðilum er heimilað að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu og einstaklingum að annast tiltekin verkefni við" ... o.sfrv. verði orðunum „og einstaklingum“ sleppt. Óþarfi er að hafa orðið eintaklingar þar sem þeir falla undir það að vera aðilar. Auk þess væri hægt að skilja setninguna þannig að opinberum eftirlitsaðilum væri heimilt að fela einstaklingum sem ekki eru faggildir að annast tiltekin eftirlitsverkefni.

Síðasta setningin í 9 gr. er óskýr: „Ráðherra setur reglugerð sem kveður á um úthlutun aðila og tilnefningu rannsóknarstofa“. Skýra þarf hvað átt er við með „úthlutun aðila“.

10. gr.

HER leggur til að í setningunni: "Opinberum eftirlitsaðilum er heimilt að úthluta tilteknum opinberum verkefnum til einstaklinga eða til aðila þegar um er að ræða verkefni sem tengjast annari opinberri starfsemi" verði orðunum „til einstaklinga“ sleppt. Óþarfi er að hafa orðið *einstaklingar* þar sem þeir falla undir skilgreininguna *aðilar*.

12. gr.

HER leggur til að fallið verði frá því að breyta fyrirsögn þessa kafla í „Opinbert eftirlit“ og að fyrirsögnin verði áfram „Opinbert matvælaeftirlit“ eins og er í lögnum nú og vísar HER til fyrri röksemda í þessari umsögn hvað þetta varðar.

13. gr.

Þegar g. liður greinarinnar er lesin er eins og að heimild eftirlitsaðilans til að rukka fyrir sýnatöku sé felldur niður þar sem í frumvarpinu, í þessum lið, er bara fjallað um að rétt opinberra rannsóknarstofa til að rukka fyrir sýnatöku en ekki sýnatökur eftirlitsaðila.

HER leggur til að bætt verði við orðunum „kostnaði vegna sýnatöku opinberra eftirlitsaðila“ verði bætt við í byrjun g. liðar þessarara greinar og hann verði þannig: kostnaði vegna sýnatöku opinberra eftirlitsaðila og kostnaði sem opinberar rannsóknarstofur innheimta vegna sýnatöku, greininga, prófunar og sjúkdómsgreininga sem framkvæmdar eru á opinberum rannsóknarstofum.

Virðingarfyllst,


Árný Sigurðardóttir

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Óskar Ísfeld Sigurðsson

Landssamtök Sláturleyfishafa

19.11.2019

Atvinnuveganefnd Alþingis
B.t. Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur formanns

EFNI: Þingmál 318: Breyting á ýmsum lögum á sviði matvæla (einföldun regluverks, Matvælasjóður og EES-reglur)

Frumvarpið sem vísað er í að framan hefur veruleg áhrifa á starfsumhverfi sláturleyfishafa. Þar sem samtökin eru beinir hagsmunaaðilar en fengu frumvarpið ekki til umsagnar og barst það seint til eyrna þá óska ég, fyrir hönd Landssamtaka Sláturleyfishafa, eftir fresti til að vinna umsögn samtakanna um frumvarpið.

Athugasemdir samtakanna lúta meðal annars að: (ekki endilega tæmandi)

5gr. e. (13.gr.f).

Samtökin telja að þörf fyrir kjötmat á svínum sé ekki lengur fyrir hendi enda framleiðsla orðin með þeim hætti að kjötmat svína er ekki notað við áframhaldandi vinnslu og sölu kjötsins. Samtökin leggja því til að fallið verði frá lögboðnu kjötmati á svínum.

13.gr. varðandi breytingar sem verða á 25.gr. laganna.

Samtökin gera alvarlegar athugasemdir við þessa grein og telja hana til þess fallna að auka kostnað aðila félagsins við eftirlit og minnka aðhald í reksrti eftirlitsaðilans.

Fyrir hönd Landssambands Sláturleyfishafa



Ágúst Torfi Hauksson, formaður

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is



Reykjavík, 19. nóvember 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði matvæla (einföldun regluverks, Matvælasjóður og EES-reglur).

Hinn 1. nóvember sl. lafði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði matvæla. Frumvarpinu var vísað til atvinnuveganefndar að 1. umræðu lokinni hinn fjórða sama mánaðar.


Samkvæmt almennum athugasemdum frumvarpsins er því ætlað að einfalda regluverk um matvælakeðjuna og stuðla að samræmdara og skilvirkara eftirlitskerfi fyrir hana. Meginmarkmiðið er aukið matvælaöryggi og neytendavernd. Frumvarpið hefur verið tekið til skoðunar á vettvangi SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar og af því tilefni vilja samtökin koma ábendingu á framfæri.

Í frumvarpinu er lagt til að settur verði á fót nýr sjóður, Matvælasjóður, sem á að styrkja verðmætasköpun við framleiðslu, vinnslu og markaðssetningu matvæla úr landbúnaði og sjávarútvegi. Við það tilefni er m.a. lagt til að Framleiðnisjóður landbúnaðarins verði lagður niður. Í því samhengi vilja SAF vekja sérstaka athygli á þeirri áherslubreytingu sem þar með verður í opinberum styrkveitingum. Samkvæmt upplýsingum úr ársskýrslum Framleiðnisjóðs landbúnaðarins námu styrkveitingar til ferðaþjónustuverkefna í dreifbýli rúmlega 531 millj. kr. árunum 2002–2018 eða að meðaltali 22% af heildarstyrkveitingum tímabilsins. Fjárhæðir styrkja til ferðaþjónustuverkefna hafa sveiflast nokkuð á tímabilinu og voru t.d. 6% af heildarstyrkveitingum árið 2013 en 43% árið 2012. Ástæða þessara styrkveitinga er sú að sjóðurinn hefur veitt styrki til atvinnunýsköpunar sem bændur á lögbýlum standa fyrir í stað eða til viðbótar framleiðslu í hefðbundnum búgreinum. Í því samhengi hafa verkefni sem fela í sér verulega nýbreytni notið forgangs og er það edlilegt þar sem ætla má að slík verkefni geti reynst erfitt að fjármagna í gegnum hefðbundna fjárfestingu eða hjá lánastofnunum. Án tilvistar styrkjanna hefðu mörg þeirra verkefna sem styrk hafa hlotið vart orðið að veruleika. SAF benda á að þess eru fjölmörg dæmi í byggðum landsins að rekstrarforsendur matvælaframleiðslu bresti. Færa má sterk rök fyrir því að styrkir úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins, til atvinnunýsköpunar í ferðaþjónustu og þar með fjölgun atvinnutækifæra í sveitum landsins, hafi rennt stóðum undir áframhaldandi búskap og landnýtingu á býlum þar sem búseta og starfsemi hefði ella lagst af eða þarfnast sársaukafullrar endurskipulagningar. Möguleikar til nýsköpunar og blandaðrar starfsemi hafa þannig stuðlað að byggð og starfsemi í dreifbýli og þar með stuðlað að áframhaldandi matvælaframleiðslu. Samtökin leggja þunga áherslu á að styrkveitingar til atvinnusköpunar í dreifbýli leggist ekki af með fyrirhugaðri breytingu enda gengi slíkt gegn markmiðum um að treysta matvælaöryggi. Hafa ber í huga að samlegðaráhrif


innlendar matvælaframleiðsla og ferðaþjónusta eru vel þekkt. Víða um heim hefur ferðamannaeftirspurn eftir upplifunum er tengjast matarmenningu og uppruna matvæla í héraði færst í aukana. Mörg þeirra verkefna sem hlotið hafa styrki úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins hafa með einum eða öðrum hætti lagt áherslu á slíka upplifun með ágætum árangri.

Að mati SAF er verulega hætt við að niðurlagning styrkveitinga sem ferðaþjónustuverkefni hafa notið í gegnum Framleiðnisjóð landbúnaðarins muni koma illa niður á ferðaþjónustu á Íslandi, sérstaklega ferðaþjónustubændum og bændum sem haft gætu hug á og hag af ferðaþjónusturekstri samhliða matvælaframleiðslu. Hafa ber í huga að ferðaþjónustan er umfangsmesti útflutningsatvinnuvegur landsins. Í kjölfar þeirra áfalla sem hafa dunið á ferðaþjónustunni undanfarin misseri þarf ferðaþjónustan síðast á því að halda að dregið verði úr opinberum stuðningi enda ljóst að helsta verkefnið framundan er að treysta alþjóðlega samkeppnisstöðu greinarinnar. Í því samhengi hafa SAF m.a. bent á að framlög til greinarinnar eru afar takmörkuð samanborið við framlög til annarra útflutningsatvinnugreina. Af þessu tilefni leyfa SAF sér að taka hér upp tvær skýringarmyndir sem komu fram í umsögn SAF um fjárlagafrumvarp ársins 2020. Á mynd 1 má sjá að útgjöld hins opinbera til málaflokks ferðaþjónustu eru mjög lág í samanburði við útgjöld til landbúnaðar, sjávarútvegs- og fiskeldis og orkumála. Á henni má einnig sjá að á meðan útgjöld til annarrar greina aukast milli ára dragast útgjöld til ferðaþjónustu saman. Á mynd 2 má sjá að ferðaþjónustan nýtur minnstrar hlutdeildar í útgjöldum til þessara málaflokka og að hlutdeildin minnkar mest í prósentustigum milli ára.

Mynd 1: Útgjöld A-hluta ríkissjóðs eftir málefna sviðum atvinnuvega.



Mynd 2: Útgjöld A-hluta ríkissjóðs til atvinnuvega eftir málefnasviðum, innbyrðis hlutdeild.



SAF mótmæla því harðlega að styrkveitingar til ferðapjónustuverkefna í dreifbýli verði skornar niður með þeim hætti sem endurspeglast í áformum um niðurlagningu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins samhliða stofnsetningu Matvælasjóðs. Samtökin áréttu að slík breyting mun koma afar illa niður á tækifærum bænda til atvinnu- og nýsköpunar og draga úr tækifærum til eflingar matvælaframleiðslu á lögbýlum sem horfa fram á dvinandi rekstrarforsendur. Eigi breytingin að verða að veruleika telja samtökin algerlega nauðsynlegt að samfara verði sambærilegum styrkveitingum til ferðapjónustuverkefna í dreifbýli fundin nýr staður og ný tilvist.

Virðingarfyllt,

f.h. SAF – Samtaka ferðapjónustunnar

Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri



Nefndasvið Alþingis
B.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. nóvember 2019

Erindi: Umsögn um frumvarp til breytingar á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi veita eingöngu umsögn um einn þátt þessa frumvarps, ákvæði um nýjan Matvælasjóð.

Samtökin telja tímabært að endurskipuleggja stuðningskerfi nýsköpunar og þróunar í atvinnugreininni. Jafnframt er mikilvægt að skapa samkeppnissjóðum til styrktar afmörkuðum hagnýtum rannsóknar- og þróunarverkefnum á matvælasviði traustari lagagrunn. Samtökin styðja því ákvæði frumvarpsins um Matvælasjóð.

Ekki er um það að villast að reynslan af AVS sjóðnum er góð. Samtökin telja að mikilvægt sé að læra af þeirri reynslu og þróa starfsemina áfram í nýrri mynd eins og lagt er upp með í frumvarpinu. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu taka samtökin fullan þátt í þeirri vinnu sem hafin er að stefnumótum sjóðsins. Hafa ber hugfast að stefnumótun vegna AVS sjóðsins mun vera orðin 17 ára gömul og uppfærsla er því orðin tímabær í ljósi þróunar og breyttra tíma. Raunar mætti telja að eðlilegt væri að meta, endurskoða og uppfæra stefnu og áherslur sjóðs af þessu tagi á 5-10 ára fresti.

Samtökin telja mikilvægt að hinn nýi sjóður byggi að nokkru leiti á þeirri hefð sem mótast hefur á vettvangi AVS sjóðsins. Mikilvægt er að verkefnasvið sjóðsins verði ekki skilgreint of þröngt. Í því samhengi er rétt að halda nokkrum mikilvægum atriðum til haga.

Sú aðferð að meta verkefnaumsóknir út frá tækniþróun, nýnæmi og verðmætasköpun hefur skilað góðum árangri á vettvangi AVS. Vandað mat fagraða og álit á umsóknum og verkefnum og forgangsröðun þeirra veitti sjóðnum áhrif langt umfram þau sem rekja má með beinum hætti til þeirra fjármuna sem hann hafði yfir að ráða. Aðrir styrktaraðilar og þátttakendur hafa þannig tekið mið af mati og forgangsröðun verkefna á vettvangi AVS og stutt verkefni sem hlotið hafa brautargengi hjá AVS sjóðnum og framhald þeirra.



Samstarf sjávarútvegs og iðnaðar til tækniþróunar með tilstuðlan AVS sjóðsins hefur átt mikilvægan þátt í að lyfta grettistaki í fiskvinnslutækni og fleiri greinum á tíma AVS sjóðsins. Þessu samstarf ber að halda áfram með aðkomu hins nýja Matvælasjóðs.


Samtökin telja mikilvægt að takmarkaðir fjármunir Matvælasjóðs verði nýttir að fullu til rannsókna, nýsköpunar og þróunar sem nýtist atvinnugreinunum sem heild, en verði ekki notaðir til að styrkja fjárfestingar eða rekstur einstakra fyrirtækja enda yrði þá lítið úr.

Til viðbótar við þætti sem snerta framleiðslu matvæla með beinum hætti er mikilvægt að sjóðurinn styrki einnig verkefni sem snúa að því að viðhalda öflugri og óskertri virðiskeðju matvæla allt til neytenda, innanlands sem utan. Má þar nefna þróun aðbúnaðar og varðveislu vörunnar í flutningi, þætti sem ella gætu hamlað útflutningi svo sem eins og mælingar á óæskilegum efnum í matvælum og margt fleira.

Til að sjóðurinn geti látið sem mest gott af sér leiða er mikilvægt að hann leitist við að mynda samstarf ólíkra aðila til rannsókna og þróunar á heildstæðum lausnum á sameiginlegum viðfangsefnum atvinnugreinar í heild.

Jafnframt telja samtökin að jákvætt væri að leita leiða til samlegðaráhrifa og þekkingaryfirfærslu sjávarútvegs og landbúnaðar.

F.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi



Kristján Þórarinnsson



Hrefna Karlsdóttir





Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 19. nóvember 2019

Efni: Breyting á ýmsum lögum á sviði matvæla (einföldun regluverks, Matvælasjóður og EES-reglur), 318. mál

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) fengu frumvarp til laga um breytingu ýmsum lögum á sviði matvæla, 318. mál, sent til umsagnar. Með frumvarpinu er lagðar til breytingar á ýmsum lögum á sviði matvæla í því skyni að einfalda regluverk og auka samræmi í regluverki. Lagt er til að ákvæðum íslenskra laga verði breytt til samræmis við reglugerð (ESB) 2017/625 með það að markmiði að einfalda regluverk og tryggja samræmingu eftirlits. SI fagna innleiðingu reglugerðarinnar enda hafa samtökin lengið óskað eftir einföldun regluverks á sviði matvælaframleiðslu, framleiðslufyrirtækjum og neytendum til hagsbóta.

Eftirlit með matvælum á Íslandi er á höndum ellefu aðila. Tíu heilbrigðisnefndir um allt land, sem hver um sig er sjálfstætt stjórnvald, hafa yfir að skipa opinberu eftirliti með framleiðslu og dreifingu matvæla, undir yfirumsjón Matvælastofnunar sem hefur einnig eftirlit með matvælum sem fellur undir 6. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Mikilvægt er að löggjafinn einfaldi regluverk eftirlits á sviði matvæla og er samræming í verklagi allra eftirlitsaðila stórt skref í þeim efnum. Samtökin telja þó rétt að meta hvort ekki sé tilefni til að ganga skrefinu lengra í átt að aukinni einföldun með því að fækka eftirlitsstjórnvöldum með aukna sameiningu og hagræðingu í huga.

Gjaldataka

Í 13. gr. eru lagðar til breytingar á 1. mgr. 25. gr. laga um matvæli þar sem gerð er grein fyrir þeim kostnaðarþáttum sem kunna að felast í raunkostnaði eftirlits. Þar er fjallað um eftirlitsgjald og þá kostnaðarliði sem matvælafyrirtæki og framleiðendur skuli standa straum af. Er hér með nákvæmari hætti en í núgildandi lögum tilgreint til hvaða kostnaðarliða eigi að tala tillit við álagningu eftirlitsgjalds. Er umrætt ákvæði að mestu í samræmi við 81. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625. Samtökin gera ekki athugasemdir við ákvæðið en telja þó mikilvægt að gætt sé að gagnsæi við álagningu gjaldanna, sbr. 85. gr. reglugerðarinnar. Í 3. mgr. 85. gr. reglugerðarinnar er til að mynda gerð sú krafa að aðildarríki eigi samráð við hagsmunaaðila um almennar aðferðir sem eru notaðar við útreikning þóknana og gjalda. Ekki er gætt að því í frumvarpinu að tryggja umrætt samráð.

Í 2. mgr. a-liðar 13. gr. frumvarpsins er ráðherra veitt heimild með reglugerð til að setja reglur um kostnað og útreikning raunkostnaðar vegna opinbers eftirlits. Ákveði ráðherra að gefa út slíka reglugerð má vænta að samráð við hagsmunaaðila fari fram, hið minnsta í gegnum Samráðsgátt, en sé reglugerð ekki gefin út er fyrirséð að hvert eftirlitsstjórnvald þrói sínar eigin aðferðir án samráðs við hagsmunaaðila. Samtökin telja því mikilvægt að tryggja að slíkt samráð eigi sér stað og enn fremur að ráðherra sé skylt að setja reglugerð skv. ákvæðinu til að tryggja samræmi.



Ekki metin áhrif á fyrirtæki

Samtökin vilja jafnframt gera athugasemdir við greinargerð með frumvarpinu þar sem tiltekin eru fjárhagsleg áhrif frumvarpsins en þar er tilgreint að fjárhagsáhrif á ríkissjóð verði engin. Hvergi er tiltekið hvaða áhrif frumvarpið hefur á atvinnulífið. Þrátt fyrir að tilgangur frumvarpsins sé að einfalda regluverk og tryggja samræmingu eftirlits þá má vænta að frumvarpið muni hafa töluverð áhrif á framkvæmd eftirlits og eftir atvikum álagningu gjalda. Má í því skyni vísa til heimildar opinberra aðila til þess að úthluta tilteknum eftirlitsverkefnum til faggiltra aðila sem og breyting á gjaldskrárákvæði matvælalaga, sbr. ofangreind umfjöllun. Í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 27/1999 um opinberar eftirlitsreglur kemur fram að þegar stjórnarfrumvarp felur í sér ákvæði um eftirlit þá eigi að leggja fram greinargerð um mat skv. 1. mgr. Í 1. mgr. er tilgreint að þegar eftirlitsreglur eru samdar eða stofnað er til opinbers eftirlits skal viðkomandi stjórnvald meta þörf fyrir eftirlit, gildi þess og kostnað þjóðfélagsins af því. Matið á að fela meðal annars í sér mat á kostnaði fyrirtækja og einstaklinga. Ekkert slíkt mat liggur fyrir né hefur verið fjallað nokkuð um hvaða fjárhagslegu áhrif þetta frumvarp muni hafa á fyrirtækin.


Matvælasjóður

Með frumvarpinu er einnig lagt til að leggja niður tvo sjóði, AVS-rannsóknarsjóð og Framleiðnisjóð landbúnaðarins, og setja á fót nýjan sjóð, Matvælasjóð, með það að markmiði að styrkja verðmætasköpun í þróun, vinnslu og markaðssetningu matvæla úr landbúnaði og sjávarútvegi. Samtökin fagna því að stefnt sé að því að hagræða og einfalda stuðningsumhverfi nýsköpunar á sviði matvæla. Samtökin telja hinsvegar að ganga þurfi lengra og leggja til að horfið verði frá því að útbúa sérlausn varðandi umræddan sjóð sem staðsettur sé innan ráðuneytisins og úthlutun sé háð samþykki ráðherra. SI telja að Matvælasjóður eigi að lúta sömu lögmálum og aðrir samkeppnissjóðir. Er það til þess fallið að draga úr flækjustigi og auka skilvirkni sjóðanna. SI leggja því til að Matvælasjóður verði færður undir Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) sem verði gert að hafa umsjón með sjóðnum og regluverk og utanumhald sjóðsins verði sambærilegt öðrum samkeppnissjóðum.

Samtökin telja ennfremur, í ljósi markmiða Matvælasjóðs, ótækt að fulltrúar vinnsluaðila landbúnaðar- og sjávarafurða sem starfa innan Samtaka iðnaðarins, eigi ekki fulltrúa í stjórn sjóðsins. Samtökin leggja því til að SI tilnefni, auk Bændasamtakanna og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, fulltrúa í stjórn sjóðsins.

Auk framangreinds benda SI á að nýsköpun í matvælaiðnaði hljóti að vera órjúfanlegur hluti af stefnu stjórnvalda á sviði matvæla. Því er mikilvægt að hlutverk og markmið Matvælasjóðs fari saman við matvælastefnu fyrir Ísland.

Virðingarfyllst,


Björg Ásta Þórðardóttir,
lögfræðingur SI